— Jarðhnetur, skurnlausar	— 12024200				
— Hnetusmjör	— 20081110				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	— 20081191; 20081196; 20081198				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					

⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tilteknar afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í vöruflokkunarkerfinu er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾ Einkum leifar af: asefati, metamídófosí, triasófosí, endósúlfaní, mónókrótófosí, metómýli, þíóðikarbí, díafenþíuróní, þíametoxamí, fípróníli, oxamýli, asetamípíríðí, indoxakarbí, mandípíropamíðí.

⁽³⁾ Einkum leifar af: amitrásí, aldíkarbí, benómýli, karbendasímí, klórfenapýrí, klórþýrifosí, CS₂ (díþíókarbamótum), díafenþíuróní, díasinóní, díklórvosí, díkófóli, dímetóatí, endósúlfaní, fenamíðóní, ímídaklópríðí, malaþíóní, metamídófosí, metíókarbí, metómýli, mónókrótófosí, ómeþóatí, oxamýli, prófenófosí, próþíkónasólí, þíabendasólí, þíaklópríðí.

⁽⁴⁾ Einkum leifar af: asefati, karbarylí, karbendasímí, karbófuráni, klórþýrifosí, klórþýrifosmetýli, dímetóatí, eþíóní, malaþíóní, metalaxýli, metamídófosí, metómýli, mónókrótófosí, ómeþóatí, prófenófosí, próþíofosí, kíalfosí, triadímefóní, triasófosí, díkrótófosí, EPN, triforíní.

⁽⁵⁾ Einkum leifar af: triasófosí, oxýdemetómnetýli, klórþýrifosí, asetamípíríðí, þíametoxamí, klóþíaníðíní, metamídófosí, asefati, próþargítí, mónókrótófosí.

⁽⁶⁾ Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579 eða aðferð sem er fullgilt með samanburði við hana eins og um getur í 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

⁽⁷⁾ Einkum leifar af: karbendasímí, sýflútríní, sýpróðíníli, díasinóní, dímetóatí, eþíóní, fenítróþíóní, fenþróþatríní, flúdíoxóníli, hexaflúúróní, lambda-sýhalótríní, metíókarbí, metómýli, ómeþóatí, oxamýli, fenþóatí, þíófanatmetýli.

⁽⁸⁾ Einkum leifar af: metómýli, oxamýli, karbendasímí, klófentesíní, díafenþíuróní, dímetóatí, formetanatí, malaþíóní, prósíýmíðóní, tetradífóní, þíófanatmetýli.

⁽⁹⁾ Einkum leifar af: karbófuráni, metómýli, ómeþóatí, dímetóatí, triasófosí, malaþíóní, prófenófosí, próþíofosí, eþíóní, karbendasímí, triforíní, prósíýmíðóní, formetanatí.

⁽¹⁰⁾ Einkum leifar af: búprófesíní, ímídaklópríðí, fenvaleratí og esfenvaleratí (summa RS- og SR-hverfna), prófenófosí, triflúralíní, triasófosí, triadímefóní og triadíménólí (summa triadímefóns og triadíménóls), sýpermetríní (sýpermetrín, ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)).

⁽¹¹⁾ Einkum leifar af: triasófosí, triadímefóní og triadíménólí (summa triadímefóns og triadíménóls), paraþíónnetýli, fenþóatí, metíðapíóní.

⁽¹²⁾ Einkum leifar af: karbófuráni (summa), klórþýrifosí, sýpermetríní (summa), sýprókónasólí, díkófóli (summa), dífenókónasólí, dínotéfúrání, eþíóní, flúsílasólí, fólpetí, próklórasí, prófenófosí, próþíkónasólí, þíófanatmetýli og triforíní.

⁽¹³⁾ Tegundir *Brassica oleracea* L. convar. *botrytis* (L) Alef. var. *Italica* Plenck, cultivar *albolabra*. Einnig þekktar sem „Kai Lan“, „Gai Lan“, „Gailan“, „Kailan“ og „Chinese bare Jielan“.

⁽¹⁴⁾ Einkum leifar af: klórfenapýrí, fípróníli, karbendasímí, asetamípíríðí, dímetómorfí og próþíkónasólí.

⁽¹⁵⁾ Einkum leifar af: karbófuráni, karbendasímí (summa), klórþýrifosí, prófenófosí, permetríní, hexakónasólí, dífenókónasólí, próþíkónasólí, fípróníli, próþargítí, flúsílasólí, fenþóatí, sýpermetríní, metómýli, kíalfosí, pensýkúróní, metíðapíóní, dímetóatí (summa), fenbúkónasólí.

⁽¹⁶⁾ Einkum leifar af: dímetóatí (summa), klórþýrifosí, asefati, metamídófosí, metómýli, díafenþíuróní, indoxakarbí.

⁽¹⁷⁾ Einkum leifar af: klórþýrifosí, sýpermetríní, dímetóatí (summa), endósúlfaní (summa), hexakónasólí, paraþíónnetýli (summa), metómýli, flútríafólí, karbendasímí (summa), flúbendámíðí, mýklóbútáníli, malaþíóní (summa).“

Fylgiskjal 3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 91/2013**

frá 31. janúar 2013

um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á jarðhnetum frá Gana og Indlandi, okru og karrílaufi frá Indlandi og vatnsmelónufræi frá Nígíeríu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 669/2009 og (EB) nr. 1152/2009

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Evrópusambandsins vegna fódurs og matvæla, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra og umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB ⁽³⁾ er komið á auknu opinberu eftirliti með innflutningi á tilteknu fódri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu.
- 3) Meðal annars hefur verið fyrirskipuð, í meira en tvö ár, aukin tíðni opinbers eftirlits með jarðhnetum frá Indlandi að því er varðar aflatoxín, karrílaufum frá Indlandi að því er varðar varnarefnaleifar, jarðhnetum frá Gana að því er varðar aflatoxín og vatnsmelónufræi frá Nígíeríu að því er varðar aflatoxín og í tæp tvö ár með okru frá Indlandi að því er varðar varnarefnaleifar.
- 4) Niðurstöðurnar úr aukna eftirlitinu sýna stöðuga fjölgun á tíðni tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi hámarksgildi aflatoxíns og hámarksgildi leifa fyrir varnarefnaleifar, sem eru fastsett í löggjöf Sambandsins, og nokkrum sinnum hafa þau fundist í mjög miklu magni. Þessar niðurstöður gefa skýrar vísbendingar um að innflutningur á þessum matvælum og fódri veldur áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Ekki var hægt að greina framfarir að því er varðar ástandið eftir þetta tímabil með aukinni tíðni eftirlits við landamæri Sambandsins. Ennfremur lögðu yfirvöld á Indlandi, í Nígíeríu og Gana ekki fram raunhæfa og fullnægjandi aðgerðaáætlun til að ráða bót á annmörkunum og ágöllumum í framleiðslu- og eftirlitskerfinu þrátt fyrir skýra beiðni af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

- 5) Til að vernda heilbrigði manna og dýra í Sambandinu er nauðsynlegt að kveða á um viðbótarábyrgðir í tengslum við þessi matvæli og fôður frá Indlandi, Gana og Nígíeríu. Öllum vörusendingum af jarðhnetum frá Indlandi og Gana, vatnsmelónufræi frá Nígíeríu og karrílaufi og okru frá Indlandi skal því fylgja vottorð þar sem staðfest er að sýnataka og greining á afurðunum hafi farið fram til að athuga, út frá hverju tilviki fyrir sig, hvort í þeim finnist aflatoxín eða varnarefnaleifar og að þær séu í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 6) Til að vernda heilbrigði manna og dýra skal þessi reglugerð einnig ná yfir fôðurlöndur og samsett matvæli sem innihalda umtalsvert magn af fôðrinu eða matvælunum sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar.
- 7) Sýnataka og greining á vörusendingunum skal fara fram í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins. Hámarksgildi aflatoxína í matvælum eru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaeftirli í matvælum⁽⁴⁾ og í fôðri með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fôðri⁽⁵⁾. Hámarksgildi leifa fyrir varnarefnaleifar eru fastsett með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fôðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽⁶⁾. Ákvæði um sýnatöku og greiningu, sem nota skal við eftirlit með aflatoxíni í matvælum, eru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum⁽⁷⁾ og í fôðri með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fôðri⁽⁸⁾. Ákvæði um sýnatöku vegna opinbers eftirlits með varnarefnaleifum eru fastsett með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuáðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE⁽⁹⁾.
- 8) Í því skyni að tryggja skilvirkt skipulag og visst samræmi á vettvangi Sambandsins að því er varðar eftirlit með innflutningi er rétt að í þessari reglugerð sé kveðið á um ráðstafanir sem jafngilda þeim gildandi ráðstöfunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 669/2009 að því er varðar ástandseftirlit með varnarefnaleifum á karrílaufi og okru frá Indlandi og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 frá 27. nóvember 2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB⁽¹⁰⁾ að því er varðar eftirlit með aflatoxíni í jarðhnetum frá Indlandi og Gana og vatnsmelónufræi frá Nígíeríu.
- 9) Í því skyni að tryggja skilvirkt skipulag opinbera eftirlitsins er enn fremur viðeigandi að í stað orðanna „fyrsti innkomustaður“ sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1152/2009 komi „tilnefndur komustaður“ eins og hann er skilgreindur í reglugerð (EB) nr. 669/2009.
- 10) Með það fyrir augum að lágmarka neikvæð áhrif á viðskipti og til að gera lögbærum yfirvöldum á Indlandi, í Gana og Nígíeríu kleift að koma á viðeigandi eftirlitskerfi er rétt að kveða á um að krafan um heilbrigðisvottorð gildi aðeins um vörusendingar, sem falla undir þessa reglugerð, sem hafa farið frá upprunalandinu eftir tiltekna dagsetningu. Það er mikilvægt fyrir heilsuvernd manna og vernd dýraheilbrigðis að hafa þetta tímabil eins stutt og mögulegt er.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um vörusendingar af eftirfarandi matvælum og fôðri sem falla undir SN-númerin og TARIC-flokkunina sem sett er fram í I. viðauka:

⁽⁴⁾ Stj.úð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stj.úð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stj.úð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stj.úð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

⁽⁸⁾ Stj.úð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stj.úð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

⁽¹⁰⁾ Stj.úð. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 40.

- a) jarðhnetur í skurn eða skurnlausar og hnetusmjör (fóður og matvæli) sem eru upprunnin í Gana eða send þaðan,
 - b) okra (matvæli, fersk) sem er upprunnin í Indlandi eða send þaðan,
 - c) karrílauf (matvæli, kryddjurtir) sem er upprunnin í Indlandi eða send þaðan,
 - d) jarðhnetur í skurn eða skurnlausar, hnetusmjör, jarðhnetur sem eru unnar eða rotvarðar á annan hátt (fóður og matvæli) sem eru upprunnin í Indlandi eða send þaðan,
 - e) vatnsmelónufræ og afleiddar afurðir (matvæli) sem eru upprunnin í Nígeríu eða send þaðan.
2. Þessi reglugerð gildir einnig um fôðurblöndur og samsett matvæli sem innihalda þau matvæli eða fóður sem um getur í 1. mgr. í magni sem fer yfir 20%.
3. Þessi reglugerð gildir ekki um vörusendingar af matvælum og fôðri sem um getur í 1. og 2. mgr. sem eru eingöngu ætlaðar einstaklingi til einkaneyslu eða notkunar. Sönnunarbyrðin skal hvíla hjá viðtakanda vörusendingarinnar ef um vafa er að ræða.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1152/2009 og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009.

Að því er varðar þessa reglugerð samsvarar vörusending framleiðslueiningu eins og um getur í reglugerðum (EB) nr. 401/2006 og (EB) nr. 152/2009 og tilskipun 2002/63/EB.

3. gr.

Innflutningur inn í Evrópusambandið

Vörusendingar af matvælum og fôðri, sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., má einungis flytja inn í Sambandið í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. gr.

Niðurstöður úr sýnatöku og greiningu

1. Niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, sem framkvæmdar eru af hálfu lögbærra yfirvalda upprunalandins eða landsins þaðan sem vörusendingin er send ef það land er annað en upprunalandið, skulu fylgja vörusendingum af matvælum og fôðri, sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., til að ganga úr skugga um að farið sé að:

- a) löggjöf Sambandsins um hámarksgildi fyrir aflatoxín í matvælunum og fôðrinu sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 1. gr., þ.m.t. fôðurböndur og samsett matvæli sem innihalda slík matvæli eða fóður í magni sem fer yfir 20%,
- b) löggjöf Sambandsins um hámarksgildi leifa varnarefna í matvælunum sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 1. gr., þ.m.t. fôðurböndur sem innihalda slíkt fóður í magni sem fer yfir 20%.

2. Framkvæma skal sýnatökuna og greininguna, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við reglugerð (EB) nr. 401/2006 að því er varðar aflatoxíni í fôðri, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar aflatoxín í matvælum og í samræmi við tilskipun 2002/63/EB að því er varðar varnarefnaleifar.

5. gr.

Heilbrigðisvottorð

1. Vörusendingunum skal einnig fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina í II. viðauka.
2. Heilbrigðisvottorðið skal vera fyllt út, undirritað og staðfest af viðurkenndum fulltrúa lögbærs yfirvalds í upprunalandinu eða lögbæru yfirvaldi í landinu þaðan sem vörusendingin er send ef það land er annað en upprunalandið.

3. Heilbrigðisvottorðið skal vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins sem tekur við sendingunni eða á öðru tungumáli sem lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis hafa ákveðið að samþykkja.
4. Heilbrigðisvottorðið gildir aðeins í fjóra mánuði frá útgáfudegi.

6. gr.

Auðkenning

Sérhver vörusending af matvælum og fódri, sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., skal auðkennd með auðkenniskóða sem samsvarar auðkenniskóðanum sem kemur fram í niðurstöðum sýnatökunnar og greiningarinnar sem um getur í 4. gr. og heilbrigðisvottorðinu sem um getur í 5. gr. Sérhver poki eða annars konar þakning í vörusendingunni skal auðkennd með sama auðkenniskóða.

7. gr.

Fyrirframtilkynning um vörusendingar

1. Stjórnendur fódur- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtilkynningu um áætlaðan komudag og komutíma vörusendinga af matvælum og fódri, sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr., til lögbærra yfirvalda á tilnefnda komustaðnum og um eðli sendingarinnar.
2. Að því er varðar fyrirframtilkynningu skulu þeir fylla út I. hluta samræmda innflutningsskjalsins og senda það til lögbæra yfirvaldsins á tilnefndum komustað, a.m.k. einum virkum degi áður en vörusendingin kemur á staðinn.
3. Við útfyllingu samræmda innflutningsskjalsins við beitingu þessarar reglugerðar skulu stjórnendur fódur- og matvælafyrirtækja taka tillit til:
 - a) leiðbeininganna fyrir samræmda innflutningsskjalið, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009, að því er varðar matvælin sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. samsett matvæli sem innihalda slík matvæli í magni sem fer yfir 20%,
 - b) leiðbeininganna fyrir samræmda innflutningsskjalið, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1152/2009, að því er varðar matvælin og fódrið sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. samsett matvæli og fódurblöndur sem innihalda slík matvæli eða fódur í magni sem fer yfir 20%.

8. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbær yfirvöld á tilnefndum komustað skulu annast sannpröfun skjala með öllum vörusendingum af matvælum og fódri sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr. til að tryggja að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 4. og 5. gr.
2. Skoðanir á auðkennum og ástandi matvælnanna, sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 1. gr., og tengdra samsettra matvæla, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæma í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1152/2009 eins oft og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð. Ákvæðum 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1152/2009 er beitt í tengslum við skoðanir á auðkennum og ástandi fódursins, sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 1. gr., og tengdra fódurblandna, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, þar sem sýni til greiningar á aflatoxíni B1 er tekið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 152/2009 eins oft og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.
3. Skoðanir á auðkennum og ástandi matvælnanna, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 1. gr., og tengdra samsettra matvæla, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæma í samræmi við 8., 9. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 eins oft og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.
4. Að skoðunum loknum skulu lögbæru yfirvöldin:
 - a) fylla út viðeigandi færslur í II. hluta samræmda innflutningsskjalsins,
 - b) sameina niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sem framkvæmd er í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar,
 - c) gefa upp og setja tilvísunarnúmer samræmda innflutningsskjalsins í samræmda innflutningsskjalið,
 - d) stimpla og undirrita frumrit samræmda innflutningsskjalsins,

e) taka og geyma afrit af undirritaða og stimplaða samræmda innflutningsskjalinu.

5. Frumrit samræmda innflutningsskjalsins og heilbrigðisvottorðsins ásamt niðurstöðum úr sýnatöku og greiningu skulu fylgja vörusendingunni við flutning uns hún er afgreidd í frjálst flæði. Að því er varðar matvæli, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 1. gr., skal gefa út staðfest afrit af upprunalega samræmda innflutningsskjalinu ef um er að ræða heimild til frekari flutnings á vörusendingum meðan beðið er eftir niðurstöðum úr skoðun á ástandi.

9. gr.

Vörusendingu skipt upp

1. Vörusendingum skal ekki skipt upp fyrr en öllu opinberu eftirliti er lokið og lögbæra yfirvaldið hefur að fullu fyllt út samræmda innflutningsskjalið eins og kveðið er á um í 8. gr.

2. Ef vörusendingunni er síðar skipt upp skal staðfest afrit af samræmda innflutningsskjalinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar meðan á flutningi stendur þar til hún er afgreidd í frjálst flæði.

10. gr.

Afgreiðsla í frjálst flæði

Vörusendingin skal afgreidd í frjálst flæði með fyrirvara um að stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi tolyfjörvöldum samræmt innflutningsskjal, sem lögbært yfirvald hefur fyllt út á tilhlýðilegan hátt, þegar öllu opinberu eftirliti er lokið og hagstæðar niðurstöður vegna ástandsskoðunar liggja fyrir, sé slíkra skoðana krafist.

11. gr.

Ef ekki er farið að ákvæðum

Ef opinbert eftirlit leiðir í ljós að ekki hefur verið farið að ákvæðum viðeigandi löggjafar Sambandsins skal lögbæra yfirvaldið fylla út III. hluta samræmda innflutningsskjalsins og gripið skal til aðgerða í samræmi við 19., 20. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

12. gr.

Skýrslur

Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu á þriggja mánaða fresti með öllum greiningarniðurstöðum úr opinberu eftirliti með vörusendingum af fóðri og matvælum samkvæmt þessari reglugerð. Sú skýrsla skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs.

Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- fjöldi vörusendinga sem fluttar eru inn,
- fjöldi vörusendinga sem sýni voru tekin úr til greiningar,
- niðurstöður skoðananna, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 8. gr.

13. gr.

Kostnaður

Stjórnendur fóður- og matvælafyrirtækisins skulu bera allan kostnað sem fellur til vegna opinbers eftirlits, þ.m.t. sýnataka, greining, geymsla og allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

14. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 669/2009

Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1152/2009

Reglugerð (EB) nr. 1152/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. falli eftirfarandi b-liður brott:

„b) „fyrsti innkomustaður“ sá staður þar sem vörusending kemur fyrst inn í Bandalagið.“

og í stað hans komi:

„b) „tilnefndur komustaður“: komustaður eins og hann er skilgreindur í b-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009.“

2. Í stað orðanna „fyrsti innkomustaður“ í fyrstu og annarri málsgrein 5. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og í reitum I.4, I.9, II.5, II.6, II.8, II.9 og III.1 undir kaflanum Almennt í II. viðauka komi „tilnefndur komustaður“.

16. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Þrátt fyrir 4. gr. (1. mgr.) og 5. gr. (1. mgr.) skulu aðildarríkin heimila innflutning á vörusendingum af fóðri og matvælum, sem um getur í 1. gr. (1. og 2. mgr.), sem fóru frá upprunalandinu fyrir 18. febrúar 2013 án þess að þeim fylgi heilbrigðisvottorð og niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. febrúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýrarikinu og falla undir ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð:

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	Taric- undir- skipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni skoðana á ástandi og auðkennum (%) við innflutning
— Jarðhnetur, í skurn	— 12024100		Gana (GH)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	— 12024200				
— Hnetusmjör	— 20081110				

<i>(Fóður og matvæli)</i>					
Okra	úr 07099990	20	Indland (IN)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽²⁾	20
<i>(Matvæli — fersk)</i>					
Karrílauf (<i>Bergera/Murraya koenigii</i>)	úr 12119086	10	Indland (IN)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽³⁾	20
<i>(Matvæli — kryddjurtir)</i>					
— Jarðhnetur, í skurn	— 12024100		Indland (IN)	Aflatoxín	20
— Jarðhnetur, skurnlausar	— 12024200				
— Hnetusmjör	— 20081110				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	— 20081191; 20081196; 20081198				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					
Vatnsmelónufræ (<i>egusi, Citrullus lanatus</i>) og afleiddar afurðir	úr 12077000;	10	Nígería (NG)	Aflatoxín	50
	úr 11063090;	30			
	úr 20089999;	50			
<i>(Matvæli)</i>					
<p>⁽¹⁾ Ef einungis er farið fram á að tilteknar afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í vöruflokkunarkerfinu er SN-númerið merkt með „úr“.</p> <p>⁽²⁾ Vottun upprunals og eftirlit aðildarríkjanna við innflutning til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 396/2005 einkum varðandi leifar af: asefati, metamidófosi, triasófosi, endósúlfani, mónókrótófosi, metómýli, þíóðíkarbi, díafenþíúróni, þíametoxami, fíprónili, oxamýli, asetamípríði, indoxakarbi, mandíprópamíði.</p> <p>⁽³⁾ Vottun upprunals og eftirlit aðildarríkjanna við innflutning til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 396/2005 einkum varðandi leifar af: triasófosi, oxýdemetónmetýli, klórþýrifosi, asetamípríði, þíametoxami, klóþíamidíni, metamidófosi, asefati, própargítí, mónókrótófosi.</p>					

II. VIÐAUKI

Heilbrigðisvottorð fyrir innflutning inn í Evrópusambandið á

.....(1)

Skráningarnúmer vörusendingar **Nr. vottorðs**

Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2013 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á jarðhnetum frá Gana og Indlandi, okru og karrilaufi frá Indlandi og vatnsmelónufræi frá Nígeríu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 669/2009 og (EB) nr. 1152/2009

.....

.....(lögbært yfirvald sem um getur í 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 91/2013)

VOTTAR að.....

.....(setjið inn föður og matvæli sem um getur í 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 91/2013)

í þessari vörusendingu sem er samsett úr:.....

.....

.....(lýsing á vörusendingu, vöru, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í (fermingarstaður)

af (nafn flutningsaðila)

fer til (staður og viðtökuland)

sem kemur frá starfsstöðinni

..... (heiti og heimilisfang starfsstöðvar)

eru framleidd, flokkuð, meðhöndluð, unnin, pökkuð og flutt í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.

Úr þessari vörusendingu voru tekin sýni í samræmi við löggjöf Sambandsins

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB

hinn (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu

..... (dagsetning)

í (heiti rannsóknarstofu).

Upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með.

Þetta vottorð gildir til

Gjört íhinn

Stimpill og undirskrift viðurkennds fulltrúa lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 91/2013

(*) vara og upprunaland.

III. VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í I. viðauka falli eftirfarandi færslur brott:

„— Jarðhnetur, í skurn	— 12024100		Gana (GH)	Aflatoxín	50*
— Jarðhnetur, skurnlausar	— 12024200				
— Hnetusmjör	— 20081110				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					

„Karrilauf (<i>Bergera/Murraya koenigii</i>)	úr 12119086	10	Indland (IN)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunnni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽⁵⁾	50*
<i>(Matvæli — ferskar kryddjurtir)</i>					

„— Jarðhnetur, í skurn	— 12024100		Indland (IN)	Aflatoxín	20*
— Jarðhnetur, skurnlausar	— 12024200				
— Hnetusmjör	— 20081110				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	— 20081191; 20081196; 20081198				
<i>(Fóður og matvæli)</i>					

„Okra (<i>Matvæli — fersk</i>)	úr 07099990	20	Indland (IN)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunnni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽²⁾	50*
---	-------------	----	--------------	--	-----

„Vatnsmelónufræ (<i>Egusi, Citrullus lanatus</i>) og afleiddar afurðir (<i>Matvæli</i>)	úr 12077000;	10	Nígíría (NG)	Aflatoxín	50*
	úr 11063090;	30			
	úr 20089999	50			

2. Í I. viðauka falli eftirfarandi neðanmálsgrein (2) brott:

„⁽²⁾ Einkum leifar af: asefati, metamídófosí, tríasófosí, endósúlfaní, mónókrótófosí, metómýli, þíódíkarbí, díafenþíúróní, þíametoxamí, fípróníli, oxamýli, asetamípíríðí, índoxakarbí, mandípíropamíðí.“

3. Í I. viðauka falli eftirfarandi neðanmálsgrein (5) brott:

„⁽⁵⁾ Einkum leifar af: tríasófosí, oxýdemetónmetýli, klórpýrifosí, asetamípíríðí, þíametoxamí, klóþíanídíní, metamídófosí, asefati, própargítí, mónókrótófosí.“

Fylgiskjal 4.**Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 270/2013**

frá 21. mars 2013

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fœður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi aukið opinbert eftirlit með innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. ársfjórðungslega, með tilliti til a.m.k. þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.

3) Tíðni og mikilvægi matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fœður, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar sem og ársfjórðungslegar skýrslur um vörusendingar af fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta skuli skránni.

4) Skránni skal m.a. breytt til að draga úr tíðni opinbers eftirlits með þeim vörum sem teljast samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla betur viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins og af þessum sökum er núverandi tíðni opinbers eftirlits með þeim ekki lengur réttlátanlegt. Því ber að breyta færslunni í skránni varðandi kóríanderlauf og basilíku frá Tailandi, að því er varðar tíðni skoðana á ástandi og auðkennum til að athuga hvort varnarefnaleifar finnast í afurðunum, til samræmis við það.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í færslunum fyrir Tailand í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009, í stað línunnar sem á við um „Kóríanderlauf“, „Basilíka (helgibasilíka)“, „Matvæli – ferskar kryddjurtir“, að því er varðar tíðni skoðana á ástandi og auðkennum til að athuga hvort varnarefnaleifar finnast í afurðunum, komi eftirfarandi:

„—Kóríanderlauf — Basilíka (helgibasilíka) (Matvæli — ferskar kryddjurtir)	— úr 07099990 — úr 12119086	72 20	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunnni gas- og massageiningar og vökvaskiljunar og massageiningar eða með aðferðum til að greina hverja efnaleif fyrir sig ⁽⁴⁾	10 ⁴
--	--------------------------------	--------------	--------------	--	-----------------

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

Nr. 518

4. júní 2013

2. gr.

Reglugerð þessi dölust gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel Barroso

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2013